AÐGERÐARÁÆTLUN HNEFALEIKASAMBANDS ÍSLANDS

2026–2027

1. Markmið tímabilsins

- Styrkja þróunarleið keppenda.
- Auka alþjóðlega reynslu yngri og U23 hópa.
- Tryggja fjárhagslega sjálfbæra verkefnastýringu.
- Taka þátt í völdum meistaramótum þegar frammistaða og fjárhagur réttlæta.

Langtímaárangur byggir á breiðari og stigvaxandi uppbyggingu.

2. Forgangsröðun verkefna

Í framkvæmd er forgangsraðað:

1. Hærri þróunarverkefnum
2. Þróunarverkefnum
3. Meistaramótum (HM/EM)
4. Breiðari alþjóðlegum mótum

Meistaramót eru hluti af þróunarferli fremstu keppenda en ekki sjálfstætt markmið.

3. Verkefni 2026 – Yfirlit

Q1

- Norðurlandamót

Q2

- Pirrka
- Eindhoven (sterkt open)

Q3

- Brandenburg
- HM/EM U19 (háð frammistöðu fyrri móta)
- Æfingabúðir

Q4

- Boxam Junior/Youth
- King of the Ring
- EM U23 (háð frammistöðu og fjárhagsstöðu)

4. Skilyrt þátttaka í meistaramótum

Þátttaka í:

- HM U19
- EM U23

er háð:

- frammistöðu á þróunar- og A-open mótum fyrri hluta árs,
- faglegu mati landsliðsnefndar,
- fjárhagslegri stöðu HNÍ við miðársrýni.

Stjórn staðfestir endanlega þátttöku.

5. Fjárhagsrammi 2026

Áætlaður nettó kostnaður HNÍ:
5,1–5,5 m.kr.

Viðmið:

- Einstakt verkefni skal almennt ekki fara yfir 30% af heildarramma án sérstakrar samþykktar stjórnar.
- Styrkir eru skilgreindir í innri styrkastefnu.

6. Stjórnunarreglur

- Landsliðsnefnd leggur faglegt mat á þátttöku.
- Stjórn staðfestir verkefni innan fjárhagsramma.
- Ef kostnaður hækkar eða tekjur dragast saman getur stjórn:
    - fækkað þátttakendum,
    - lækkað niðurgreiðslu,
    - frestað eða fellt niður verkefni.

7. Miðársrýni (júní/júlí)

Metið verður:

- árangur á fyrri mótum,
- Fjárhagsstaða,
- þróun einstakra keppenda.

Í kjölfarið verður tekin ákvörðun um:

- þátttöku í HM U19 (Q3)
- þátttöku í EM U23 (Q4)

8. Árangursviðmið

- Fjöldi alþjóðlegra bardaga í þróunarverkefnum.
- Framfarir keppenda í þróunarleið.
- Mat landsliðsnefndar á stöðu A-keppenda.
- Fjárhagsleg sjálfbærni innan ramma.

9. 2027 – Framhald

Áherslur 2027 byggja á niðurstöðum 2026.

Fjárhagsrammi og verkefni verða staðfest í tengslum við árlega endurskoðun.